

AUGLÝSING

um niðurgreiðslur húshitunar.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 78/2002 um niðurgreiðslur húshitunar hefur iðnaðarráðherra ákveðið fjárhæð niðurgreiðslna sem hér segir:

a) niðurgreiðsla á raforku til húshitunar verður sem hér segir:

| | |
|--|----------------|
| á veitusvæði Hitaveitu Suðurnesja | 3,13 kr./kWst, |
| á veitusvæði Orkubús Vestfjarða í dreifbýli | 3,42 kr./kWst, |
| á veitusvæði Orkubús Vestfjarða í þéttbýli | 2,51 kr./kWst, |
| á veitusvæði Rafveitu Reyðarfjarðar | 2,57 kr./kWst, |
| á veitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins í dreifbýli | 3,20 kr./kWst, |
| á veitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins í þéttbýli | 2,72 kr./kWst. |

b) niðurgreiðsla á vatni frá kyntum hitaveitum:

niðurgreiðsla á vatni frá kyntum hitaveitum skal vera 2,04 kr./kWst eða 91,80 kr./m³.

c) niðurgreiðsla á olíu til húshitunar:

niðurgreiðsla á olíu til húshitunar tekur mið af meðal raforkuverði til húshitunar í dreifbýli og olíuverðs á hverjum ársfjórðungi samkvæmt útreikningum Orkustofnunar.

d) niðurgreiðsla á framleiðslu raforku til húshitunar utan almenns dreifikerfis:

niðurgreiðsla á framleiðslu raforku til húshitunar utan almenns dreifikerfis skal vera 2,23 kr./kWst.

Um hámark niðurgreiðslna fer samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga nr. 78/2002.

Fjárhæðir niðurgreiðslna til húshitunar samkvæmt auglýsingu þessari taka gildi nú þegar.

Iðnaðarráðuneytinu, 6. apríl 2005.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

AUGLÝSING

um skrá Ísafjarðarbæjar samanber 5.-8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Bæjarskrifstofa

| | |
|--|---------|
| Bæjarstjóri | 1 staða |
| Bæjarritari | 1 staða |
| Fjármálastjóri | 1 staða |
| Launafulltrúi | 1 staða |
| Forstöðumaður skóla- og fjölskylduskrifstofu | 1 staða |

Tæknideild

| | |
|------------------------------|---------|
| Forstöðumaður umhverfissviðs | 1 staða |
| Forstöðumaður skipulagssviðs | 1 staða |
| Umsjónarmaður fasteigna | 1 staða |

Áhaldahús

| | |
|---|----------|
| Bæjarverkstjóri | 1 staða |
| Staðarverkstjórar Flateyri, Suðureyri, Þingeyri | 3 stöður |

Ísafjarðarhafnir

| | |
|--------------------------|---------|
| Hafnarstjóri | 1 staða |
| Staðgengill hafnarstjóra | 1 staða |

Slökkvilið/sjúkraflutningar

| | |
|---------------------------|----------|
| Slökkviliðsstjóri | 1 staða |
| Aðstoðarslökkviliðsstjóri | 1 staða |
| Sjúkraflutningar | 2 stöður |

Heilbrigðismál

| | |
|---|---------|
| Íþrótt- og æskulýðsfulltrúi, jafnframt forstm. sundhalla og íþróttahúsa | 1 staða |
|---|---------|

Hlíf I, Ísafirði

| | |
|--------------------------------|------------|
| Forstöðumaður | 1 staða |
| Þjónustudeild, aðhlyning | 6,4 stöður |
| Þjónustudeild, ræsting/þvottur | 1 staða |

Bókasafn

| | |
|---------------|---------|
| Forstöðumaður | 1 staða |
|---------------|---------|

Sorpbrennslan Funi

| | |
|---------------------------|---------|
| Forstöðumaður | 1 staða |
| Staðgengill forstöðumanns | 1 staða |

Skrá þessi sem samþykkt hefur verið í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar skal öðlast gildi við birtingu og kemur í stað auglýsingar nr. 190/2005, sém og auglýsingar nr. 319/2005.

Ísafirði, 6. apríl 2005.

Þorleifur Pálsson bæjarritari.

REGLUGERÐ

um dragnótaveiðar.

1. gr.

Heimilt er öllum fiskiskipum, sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni í fiskveiðilandhelgi Íslands, að stunda veiðar með dragnót á þeim svæðum þar sem þeim er heimilt að stunda veiðar með botn- og flotvörpu, samkvæmt 5. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.